

Nd.

298. Breytingartillaga

[11. mál]

við frv. til l. um togarakaup ríkisins.

Frá Áka Jakobssyni.

Aftan við 2. gr. frv. komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi:

Heimilt er ríkisstjórninni að veita þeim bæjarfélögum og kauptúnum norðanlands, sem orðið hafa fyrir mestum áföllum atvinnulega vegna undanfarinna fimm sildarleysisára, lán til kaupa á togurum, eða tryggja þeim lán, er nemi allt að 95% af kostnaðarverði skipanna, enda sé aðstaða fyrir hendi til togaraútgerðar frá viðkomandi kaupstað eða kauptúni.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka þau lán, er nauðsyn krefur, til framkvæmda þessara.